

ÍSLENSKAN

EL ISLANDÉS

Hvar og hvernig læra börnin íslensku?

- í skólanum.
- í gegnum samskipti við önnur börn og fullorðna.
- með því að horfa á íslenskt sjónvarpsefni.
- með því að nota íslenska námsvefi.
- með þátttöku í tómstundastarfi.
- með því að hlusta á íslenska tónlist og texta.
- með því að læra námsaðferðir til að æfa sig í íslensku.
- með því að lesa fjölbreytt efni á íslensku.
- með því að læra með öðrum nemendum.
- með því að nota tölvuleiki á íslensku.

¿Cómo aprenden los niños islandés?

- en la escuela.
- al interactuar con otros niños y adultos.
- al ver televisión islandesa.
- utilizando webs de estudio islandesas.
- participando en actividades recreativas.
- escuchando música islandesa.
- aprendiendo técnicas de estudio para practicar islandés.
- mediante la lectura de temas variados en islandés.
- aprendiendo con otros estudiantes.
- by playing computer games in Icelandic.



www.tungumalatorg.is/velkomin



GÓÐ RÁÐ FYRIR FORELDRA

Góðir skólaforeldrar:

- hafa metnað fyrir menntun barnanna sinna.
- hafa miklar væntingar um góða frammistöðu barnanna sinna.
- styðja og hvetja börnin sín til náms.
- eru góð fyrirmynd.
- sýna skólanum og námi barnanna sinna áhuga.
- eiga samræður við börnin sín um skólann og námið.
- eru með skýrar og raunhæfar reglur sem þeir fylgja eftir.
- styðja starf skólans og eru í virku sambandi við hann.

Los buenos padres respecto a la escuela:

- tienen ambición sobre la educación de sus hijos.
- tienen altas expectativas de buen comportamiento de sus hijos.
- apoyan y alientan a sus hijos a estudiar.
- son un buen ejemplo.
- muestran interés por la escuela y los estudios de sus hijos.
- conversan con sus hijos sobre la escuela y los estudios.
- tienen reglas claras y realistas que siguen.
- apoyan el trabajo de la escuela y tienen una relación permanente con ella.



HEIMANÁM

LOS DEBERES

Foreldrar geta aðstoðað við heimanám með því að:

- sýna áhuga.
- skoða námsbækur barnsins og biðja það um að segja sér, á móðurmálinu, hvað það er að læra.
- spyrja um myndir, hugtök og annað í lestexta.
- aðstoða barnið að teikna hugtökin sem það er að læra.
- biðja börnin að segja með eigin orðum hvað hugtökin merkja.
- segja barninu hvað hugtökin í námsbókunum þýða á móðurmálinu.
- segja barninu frá því þegar foreldrarnir lærðu þetta sjálfir á sínu móðurmáli.
- segja barninu sögur sem tengjast námsefninu.
- fá aðstoð og upplýsingar frá kennara um kröfur, skil á verkefnum og mat.

Los padres pueden ayudar con la tarea:

- mostrando interés.
- viendo los libros de texto del niño y pidiéndole que les diga en su lengua materna, qué está aprendiendo.
- preguntando sobre las imágenes, los conceptos y otros textos.
- ayudando al niño a dibujar los conceptos que está aprendiendo.
- pidiéndoles a los niños que cuenten con sus propias palabras lo que significan los conceptos.
- diciéndole al niño qué significan en su lengua materna los conceptos del libro.
- contándole al niño de cuando sus padres aprendieron su lengua materna.
- contándole al niño historias relacionadas con el material de estudio.
- recibiendo ayuda e información del profesor sobre los requerimientos, la entrega de trabajos y la evaluación.

MÓÐURMÁL

LENGUA MATERNA

Styðjum við móðurmálið:

- notum í samskiptum við börn.
- lesum með börnunum.
- notum möguleika sem netið býður upp á.
- sækjum efni á móðurmáli á netinu.
- notum fjarnám á móðurmáli.
- horfum á sjónvarpsefni á móðurmáli.
- segjum börnunum sögur og kennum þeim vísur, söngva og ævintýri á móðurmálinu.
- leikum og spilum við þau á móðurmálinu.
- athugum möguleika á kennslu í móðurmáli.
- hittum aðra sem tala móðurmálið.
- notum námsbækur á móðurmálinu.
- fáum bækur á bókasafninu.
- notum móðurmálið þegar ferðast er til landa þar sem það er talað.

Apoyemos la lengua materna:

- utilizándola en la comunicación con los hijos
- leyendo con los hijos.
- utilizando las posibilidades que ofrece Internet.
- visitando contenido en línea en su idioma nativo.
- utilizando la educación a distancia en su lengua materna.
- viendo la televisión en la lengua materna.
- contando historias para niños y enseñándoles versos, canciones y cuentos en su lengua materna.
- jugando con ellos en su lengua materna.
- comprobando la posibilidad de recibir clases de su lengua materna <http://www.modurmal.com/>
- quedemos con otros que hablen su lengua materna.
- utilicemos libros de texto en su lengua materna.
- saquemos libros de la biblioteca.
- utilicemos la lengua materna si viajamos al país de origen